



## Vínveitingaleyfi, veitingar veitingahús, áfengisvarnarnefnd 1951 og ódagsett skjöl

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Dómsmálaráðherra – Símskeyti – Stórstúka Íslands –  
Lögreglustjórinn í Reykjavík – Baldur Guðlaussón löggiltur endurskoðandi – endurgreiðslur á  
áfengisskuld ráðherra við Utanríkisráðuneytið – Áfengisverslun ríkisins – Áfengisvarnarnefnd  
Reykjavíkur – Þórskafti – Breiðfirðingabúð – Flugvallarhótel – Tívolí – Skúli Guðmundsson –  
Knattspyrnufélag Reykjavíkur – Friðjón Þórðarson – áfengismeðferðir – Áfengisráðunautur –  
Áfengisvarnarnefnd – Drykkjumannahæli – Brynleifur Tóbiásson – Kristinn Stefánsson –  
Sjálfstæðishúsið



## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Bréfa- og málafn 1946-1953.  
Askja 2-15, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



## SÍMSKEYTI

Frá REYKJAVÍK. ..... Nr. 2787......

22. orð

10/1

19.54. Kl. 1900......

HERRA DÓMSMÁLARÁÐHERRA  
BJARNI BENEDIKTSSON  
REYKJAVÍK.

STÓRSTÚKA ÍSLANDS ÞAKKAR KVEÐJUR YÐAR OG AUÐSÝNDA  
VELVILD Í GARÐ GÓÐTEMLARAREGLUNNAR OG  
BINDINDISMÁLSINS.

STÓRTEMLAR.

LANDSSÍMI ÍSLANDS



## ÁFENGISMÁLARÁÐUNAUTURINN

Akureyri, 13. decbr. 1951.

Hæstvirtí, kærri herra.

Mjer kom nokkuð á óvart um daginn, er jeg sá í blöðum, að samþykkt hefði verið í Ed. Alþingis, að fela lækni drykkjusjúkra manna það starf, sem jeg hefi nú sem áfengismálaráðunautur. Það er ágætt að ráða lækni á væntanlegt vistheimili drykkjusjúklinga. Fagna jeg því ef góður, sjerfróður læknir fæst til þess starfs. En jeg held, að slíkur læknir sje alls ekki sjerstaklega kvalificeraður til þess að vera áfengismálaráðunautur. Starfssvið hans er nær sjer í lagi til bindindisfrædslu í skólunum, stjórnar áfengisvarnarnefnda og samvinnu við þær, enn fremur að fylgjast með bindindispolitík erlendis og nýjungum á sviði hennar ~~erlendis~~, efla áfengisvarnir með öllu móti innanlands og kynna almenningi á hverjum tíma það sem máli skiptir á sviði áfengis- og bindindismála innanlands. - Jeg hefi reynt að aktivisera áfengisvarnarnefndirnar og með mörgu móti reynt að afla upplýsinga um þessi mál utan lands og innan, ferdast nokkuð og reynt að koma af stað bindindisfrædslu í skólunum. - Mjer sýnist sem þessi störf muni ekki láta lækni við drykkjumannahæli neitt sjerstaklega vel. Jeg veit ekki, hvort Alþingi hefir athugað þetta. - Nú mættuð þjer halda, að þjeg væri andvígur þessari skipan vegna þess, að jeg missti við það í launum, og kann það að vega eitthvað, en mjer bykir allraverst að láta kippa mjer burtu frá starfi, sem jeg var að byrja að skipuleggja og hefi áhuga á. Myndi jeg vera fús til að taka þetta starf að mjer fyrir ca. 500 kr. á mánuði framvegis og auðvitað frían ferðakostnað í þjónustu áfengisvarnanna. - Bið jeg yður gódfúslega að athuga þetta, og þætti mjer einkaþvænt um að mega halda áfram starfinu sem áfengismálaráðunautur ríkisins.

Með mikilli virðingu og kærri kvedju.

Gledileg jól!

Yðar

Brynleifur Jónsson.



BALDUR GUÐLAUGSSON  
LÖGGILTUR ENDURSKOÐANDI  
AKUREYRI

Akureyri, 18/10. 1951.

Heitradir ráðherra.

Töfrir þessu ári síðan veittuð þér mér þá gleði og það traust, að veita mér löggildingu sem endurskoðandi.

Þannig er þessu kappastu, að vera virður trausts yðar.

Ég vona, að þér mæðgið ekki í vottunum hjótt, þótt ég sendi yðum hjálagaða smá-bók, er ég sá augljóst í dönsku beati og varðar efri í fangi yðar, að gjöf sem lítinn þakkatalisvott minn lík yðar.

Það er ekki líklegt, að heitir okkar liggi vottunartíma saman, en ég þannig þessu kappast yðar með heiðung.

Mit Virðingun  
Baldur Guðlaugsson

Herra ráðherra

Þjarni Benediktsson

Reykjavík.

# UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

---

Reykjavík,

Db.  
(óskast tilgreint í svari)

Utánríkisráðuneytið viðurkennir hér  
með móttöku á kr. 800 frá utánríkisráðherra.  
Greiðsla upp í skuld við ráðuneytið.

Reykjavík, 15. janúar 1951.

*Agna M. Jónsson*



Utanríkisráðuneytið greiddi Áfengisverzlun Ríkisins kr. 7.896.00 fyrir utanríkisráðherra.

Upp í skuld þessa hefir ráðherra nú greitt kr. 6.412.00 (fyrst kr. 800, svo kr. 5.612.00).

Ennfremur hefir ráðuneytið ávísað sér kr. 293.59 af risnu ráðherra á árinu 1950, en áður var búið að ávísa 19.706.41.

Eftirstöðvar skuldarinnar eru kr. 1.190.41.

Hinn 24. janúar 1951.

*Stygnur K. Jónsson*


Utanríkisráðuneytið viðurkennir  
hér með móttöku á kr. 5.612.00 vegna greiðslu  
á áfengisreikningi fyrir utanríkisráðherra.

Eftirstöðvar skuldarinnar eru  
kr. 1.484.00.

*Hiun 23. jan. 1951*

*Agnar K. Jónsson*





frá

AKUREYRI.

← Nr. 14    16 orð    Dag: 28/6 19 51, kl. 10    →

DÓMSMÁLARÁÐHERRA  
BJARNI BENEDIKTSSON  
REYKJAVÍK.

STÓRSTÚKAN ÞAKKAR HLÝJAR KVEÐJUR OG ÓSKAR GÓÐRAR  
SAMVINNU VIÐ RÍKISSTJÓRNINA.

KRISTINN STEFÁNSSON.



# Áfengisvarnarnefnd Reykjavíkur

126/1945.

Reykjavík, 18. jan. 1951.

Sankvæmt þeirri skyldu, sem áfengisvarnarnefndum er lögð á herðar með 2. gr. d-lið í Reglugerð 17. okt. 1935 um áfengisvarnarnefndir, leyfir Áfengisvarnarnefnd Reykjavíkur sjá að vekja athygli hæstv. Dómsmálaráðuneytis á eftirfarandi:

Árið 1949 voru veitt um 900 vínveitingaleyfi fyrir samkomur í Reykjavík, en árið 1950 voru slíkar leyfisveitingar um 1100, þar af voru íþróttafjelögum (æskulyðsfjelögum) á fjórum mánuðum, eða frá 3. ágúst til 6. des., veitt 75 leyfi, og samsvarar það því, að á þessu tímabili hafi þessi æskulyðsfjelög haft vínveitingar að meðaltali 3 kvöld af hverjum 5.

Áfengisvarnarnefnd telur, að heimild sú, sem um ræðir í 17. gr. 2. málsg. Áfengislaganna, geti ekki náð til æskulyðsfjelaga, gegn skýlausum fyrirmælum 13. gr. sömu laga um að ekki megi veita nje afhenda áfengi yngri mönnum en 21 ars, þar sem vitað er, að meginþorri meðlima í æskulyðsfjelögunum er undir þeim aldri.

Í opinberum umræðum um þetta mál hefir það komið fram - og ekki verið mótmælt - að sum veitinga og samkomuhús hjer í bænum neiti að leigja húsnæði, nema því aðeins að þeim sje útvegað veitingaleyfi. Bendir það ótvírett til þess, að viðkomandi samkomuhús græði á vínveitingunum, þvert ofan í fyrirmæli 16. gr. Reglugerðar 7. ág. 1945 um sölu og veitingar afengis.

Nefndin hefir og fulla ástæðu til að ætla, að það hafi einnig komið fyrir að íþróttafjelög hafi fengið sjer leyfi til vínveitinga til þess að græða sjalf á sölu afengisins, og er það einnig brot gegn sömu græin reglugerðarinnar.

Hjer hefir aðeins verið rætt um 75 leyfi og eru þá eftir rúmlega þúsund, veitt hjer í Reykjavík árið sem leið. Telur nefndin bryna nauðsyn á að rannsakað verði hvernig menn hafa komist að þessum leyfum og hvernig þau hafa verið notuð og hvort hjer er ekki um að ræða óleyfilega tekjulind bæði fyrir einstaka veitingamenn og einstök fjelög, eða forraðamenn þeirra.

Jafnframt leyfir Áfengisvarnarnefnd sjer að láta í ljós þa von að tekid verði í taumana um þessar óhöflegu undanþagur, og þess stranglega gætt framvegis, að ekki sje farið út fyrir þau þakmörk, sem sett eru í Áfengislagunum sjalfum og 16. gr. Reglugerðar 7. ág. 1945 um sölu og veitingar afengis.

Virðingarfylst

*Fróttur J. Sigurðsson*  
 Ljós. Ljósfrim *Ljósfrim*  
 ut.

Til

Dómsmálaráðuneytisins.

*Áfengisvarnarnefnd*



Afengisvarnarnæð Reykjavíkur

Vantur umlaladr yfirlýsing  
frí skilsefni. Ljaimalavíðin.

3/3. 57

G.-A.-J.



# LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 5.febrúar 1951.

SS/BH.

Eins og hinu háa ráðuneyti er kunnugt,hefir allmikið verið ritað að undanfögnu um áfengismál,þar á meðal um undanþágur til vínveitinga skv.17.gr.2.mgr. áfengislaganna, sem tíðkast hafa um margra ára skeið. Hefir Stórstúka Íslands og Áfengisvarnarnefnd Reykjavíkur opinberlega látið í ljós þá skoðun, að sá háttur,sem hafður hefir verið á framangreindum undanþágum brjóti gegn ákvæðum áfengislaganna og reglugerðar nr.126 frá 1945 um sölu og veitingar áfengis. Í tilefni þessa vil ég eigi láta hjá líða að tjá ráðuneytinu eftirfarandi.

Undanþágur þær til vínveitinga,sem nú hafa orðið að ádeiluefni,hafa verið veittar með sama hætti allan þann tíma, sem reglugerð nr. 126 frá 1945 hefir verið í gildi. Er nefnd reglugerð var sett átti undirritaður,sem þá var fulltrúi hér við embættið, tal við fjármálaráðuneytið og var tjáð að reglugerðin ætti ekki að fela í sér takmörkun á vínveitingaleyfum frá því sem þá var. Tala þeirra leyfa,sem veitt hafa verið á þeim árum,sem liðin eru frá því reglugerðin var sett,er sem hér segir:

Ár 1945	423	leyfi	ár 1948	685	leyfi
" 1946	383	"	" 1949	783	"
" 1947	543	"	" 1950	1096	".

Eins og sést af framanrituðu hefir tala leyfa nokkuð hækkað árlega,en hækkunin stafar ekki af því að reglum um leyfisveitingar hafi verið breytt,heldur af hinu, að viðunanlegum veitingahúsum hefir fjölgað hér í bænum og tala leyfisbeiðna stóraukist á síðari árum. Hefir fulltrúi minn,sem hefir með höndum afgreiðslu undanþága til vínveitinga,gert



## LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík,

- 2 -

sér far um að draga úr leyfisveitingum, en slíkt er eigi auðvelt, nema settar sé ákveðnar reglur í þeim efnum.

Framangreind vínveitingaleyfi hafa verið veitt til viðurkenndra félaga svo sem áttthagafélaga, íþróttafélaga, iðnaðarmannafélaga, stjórnmalafélaga, einkafélaga o.fl., auk minni hópa, svo sem starfsmannafélaga og í einkahófum og samsætum ýmiskonar. Hins vegar hefir "skemmtiklúbbum" svonefndum, sem voru margir um skeið, ávalt verið synjað um vínveitingaleyfi svo og ef ætla hefir mátt að viðkomandi félag eða einstakir félagsmenn hefðu beinan hagnað af vínveitingunum.

Leyfi skv. 2. mgr. 17. gr. áfengislaganna eru ávalt veitt skriflega og þess getið, hvert tilefni leyfisins sé og hvar og hvenær samkvæmið verði haldið.

Á árinu 1949 var eftirlit lögreglunnar með veitingahúsum hér í bænum aukið mjög. Var þá sá háttur upp tekinn, að láta sérstakan eftirlitsmann fara í öll veitingahús daglega ásamt lögreglumanni, til þess að hafa eftirlit með vínneyzlu. Ber þeim að hafa samband við forráðamenn þeirra félaga, sem vínveitingaleyfi hafa fengið hverju sinni svo og veitingamenn, átelja ef eitthvað fer miður í samkvæmum og stöðva vínveitingar þegar í stað, ef óhóflega er veitt. Hefir þessi ráðstöfun reynst mjög vel. Telja eftirlitsmennirnir og lögreglumenn er annast dyravörslu á dansleikjum, að auðveldara sé að halda uppi löggæslu á þeim samkvæmum, þar sem vínveitingar eru leyfðar, heldur en á ýmsum þeim skemmtunum sem ekki hafa fengið undanþágu. Vill þá reynast öruggt að hafa hendur í hári þess fólks, sem hefir vín meðferðis er það kemur á skemmtisamkomuna og brýtur lög með því að neyta þess á staðnum. Veldur slíkt og einatt lakari drykkusiðum og ölvun.



# LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík,

- 3 -

Ég vil að lokum taka fram, að mér hefir ekki verið kunnugt um annað en að fyrirkomulag það á vínveitingaleyfum sem tíðkast hefir að undanfögnu, hafi verið með fullri vitund og samþykki núverandi og fyrri ríkisstjórna, enda hefi ég eigi fengið nein fyrirmæli um að breyta til í þeim efnum.

Eigi er heldur ástæða til að ætla að áfengisvarnarnefndum hér í bænum, sem m. a. ber að fylgjast með vínveitingaleyfum, hafi verið ókunnugt um tilhögun þeirra, en nefndirnar hafa eigi véfengt lögmæti undanþáganna, svo mér sé kunnugt, fyr en nú nýlega.

Að sjálfsögðu er mér ekkert að vanbúnaði að draga úr vínveitingaleyfum hér í umdæminu og leyfi ég mér allra virðingarfyllst að leita fyrirsagnar hins háa ráðuneytis um það, hvort slíkt skuli gert og þá með hvaða hætti.

*Bjarni Benediktsson*

Dómsmálaráðuneytið,

Reykjavík,



1. Flugvallahútel: Byrjar að starfa í árslok 1945. Tala gesta 200. Fyrsta vinnuveitingaleggi veitt 7/9 1946 og áttíundis 4 leggi samst. á því ári. Á næsta árinu veitt alluröng leggi frammi að árinu 1949.
2. Þorskaffi: Tekur til starfa 12/10 1945. Tala gesta 150. Það er veitt 29 leggi. Ári 1946 = 59 leggi. Síðan svipt.
3. Breitfistingabútt: Tekur til starfa í apríl 1946. Tala gesta 275. Fær á því ári 18 leggi. Þessu hlégar mjög á næsta árinu.
4. Mjókkustóttur: Tök til starfa seinu árinu vinnuveitingabútt í lok ársins 1946. Tala gesta 300. Á því ári áttíundis veitt 7 leggi, en þessu hlégar mjög á næsta árinu.
5. Sjálfstjórnun: Tekur til starfa á miðju ári 1946. Tala gesta 350. Það er veitt 86 leggi, en ~~þessu hlégar mjög~~ tala lezfa hefur haldur forit næst ári síðan.



6. Divali: Tekur til starfa 1948. <sup>sta 1949?</sup> Fala gesta 200  
Kokkur hefi áveit ritast á orrin 1948.  
Athalveitugastropsemi hefat á orrin 1949.

Undanþágur til áfengisveitinga árin 1940 - 1950.

Ár	1940	Um 43 leyfi (lauslega talið)
"	1941	" 43 " " "
"	1942	Ekki unnt að sjá af bréfabókun, að undanþágur
"	1943	hafi verið veittar frá síðasta fjórðungi
		ársins 1941 til fyrsta ársfjórðungs ársins
		1944, (Ástæður: hernám?.)
$\frac{1}{2}$ ár	1944	147
	1945	422
	1946	383
	1947	543
	1948	685
	1949	783
	1950	1096.



Vínveitingaleyfi útg. árið 1945 skiptast sem hér segir:

	Opið	Lokað
Átthagafélög	45	14 = 59
Starfsmannafélög		64 = 64
Iðnaðarmannafélög	6	18 = 24
Slysaverna og líknaðfélög	8	= 8
Íþróttta og ferðafélög	22	= 22
Stúdentafélög og önnur skólafélög	19	4 = 23
Verzlunarmannafél. Reykjavíkur	6	= 6
Heimdallur, Óðinn, Vörður	13	= 13
Einkahóf (kveðjusams., afmæli ofl.)		97 = 97
" skólamanna (stud. afmæli ofl.)		16 = 16
Skipshafnir og sjómannahóf	3	8 = 11
Ýmsir	<u>29</u>	<u>51</u> = 80
	<u>151</u>	<u>272</u>

Samtals 423.

Vínveitingaleyfi útg. árið 1946 skiptæst sem hér segir:

	Opið	Lokað	
Átthagafélög	45	10	= 55
Starfsmannafélög		57	= 57
Iðnaðarmannafélög	2	16	= 18
Slysavarna og líknerfélög	11		= 11
Iþróttta og ferðafélög	20		= 20
Stúdentafélög og önnur skólafél.	25	6	= 31
Verzlunarmannafélag Reykjavíkur	7		= 7
Húsb.sjóður Sjálfst.fl.,Vörður, Heimdallur,Óðinn	43		= 43
Sjómannahóf	11	7	= 18
Matsveinar og veitingaþjónar	11		= 11
Svifflugfélag Íslands	7		= 7
Einkahóf		42	= 42
" skólamanna(stúd.afm.ofl.)		11	= 11
Ymsir	<u>25</u>	<u>27</u>	= 52
	<u>207</u>	<u>176</u>	

Samtals 383.



## LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. febrúar 1951.

FP/BH.

Í dag hefi ég undirritaður haft símasamband við eftirtalin veitingahús, hér í bæ, og borið fram þessa spurningu:

Er það skilyrði sett af hálfu veitingahússins, þegar það er leigt út, að viðkomandi félag hafi vínveitingaleyfi?

Svörin voru svo sem hér segir:

1. Samkomusalur Mjólkurstöðvarinnar (Jens Guðbjörnsson): Nei.
2. Tjarnarcafé (Egill Benediktsson): Nei. Aldrei sett sem beint skilyrði. Hins vegar stundum bent á, að heppilegra sé að hafa vínveitingaheimild, heldur en láta menn koma með flöskur í vösunum.
3. Breiðfirðingabúð (Jón Arason): Nei.

Aldrei. Annaðhvort vínveitingar samkvæmt heimild eða við viljum ekki láta sjást neitt áfengi.

4. Sjálfstæðishúsið (Hafliði Baldvinsson): Nei.  
Sjálfstæðishúsið hefur aldrei sett þetta skilyrði frá því húsið var byggt.
5. Tivoli (Einar Jónsson): Nei.
6. Þórscafé (Ragnar Jónsson): Nei.

Hins vegar greiða félög enga leigu, ef vínveitingaleyfi er fyrir hendi. Sé ekkert vínveitingaleyfi, tek ég ákveðið gjald (leigu) fyrir salinn yfir kvöldið.

*Jón Arason*  
J.A.

Reykjavík, 31. jan. 19 51

Hér með er yður, hæstvirtu dómsmálaráðherra, send meðlögð fyrirspurn til yðar frá Skúla Guðmundssyni, á þskj. 591 (tölul. III), um vínveitingaleyfi lögreglustjórans í Reykjavík, sem leyfð var í sameinuðu þingi í dag. Fyrirspurn þessi verður tekin til umræðu í sameinuðu þingi næstkomandi miðvikudag.

Fin Simason

Þóráð Eignarsson

Til

dómsmálaráðherra.



**Sp.**

**591. Fyrirspurnir**

- I. Til menntamálaráðherra um undirbúning löggjafar um náttúrufriðun, verndun sögustaða o. fl.

Frá Páli Þorsteinssyni og Jóni Gíslasyni.

1. Hefur ríkisstjórnin látið undirbúa löggjöf um verndun staða, sem eru sérstaklega merkir af náttúru sinni eða sögu?
2. Hvað líður endurskoðun laga nr. 59 1913, um friðun fugla og eggja?

- II. Til ríkisstjórnarinnar um dr. Metzner og aðstoðarmenn hans.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Veit ríkisstjórnin, hvar dr. Metzner og aðstoðarmenn hans, sem fengu íslenzkan ríkisborgararétt með lögum nr. 1/1949, hafa nú aðsetur? Og hafa þessir menn gert nokkuð til að aðstoða íslensk stjórnarvöld eða aðra landsmenn í fiskiðnaðarmálum, sbr. greinargerð með frv. á þingskjali 284 á Alþingi 1948?

- X III. Til dómsmálaráðherra um vínveitingaleyfi lögreglustjórans í Reykjavík.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Hvaða ráðstafanir hefur dómsmálaráðherra gert út af rökstuddum kvörtunum um, að lögreglustjórinn í Reykjavík hafi ekki farið eftir ákvæðum reglugerðar nr. 126/1945, um sölu og veitingar áfengis, við útgáfu vínveitingaleyfa?

- IV. Til ríkisstjórnarinnar um greiðslu á erfðafjárskatti með skuldabréfum.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Hvers vegna tók fyrrverandi fjármálaráðherra skuldabréf til greiðslu á erfðafjárskatti frá erfingjum eins bús árið 1948, að upphæð kr. 101 850.00, í stað þess að krefjast peningagreiðslu á skattinum eins og öðrum gjöldum til ríkissjóðs?



# LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 6.febrúar 1951.

FP/BH.

Í dag hefi ég undirritaður haft símasamband við eftirtalda menn, sem venjulega sækja um vínveitingaleyfi á vegum hérgreindra félaga eða eru forsvarsmenn þeirra. Óskað var svars við tveimur spurningum:

1. Hefur félag yðar haft ágóða af áfengissölu?
2. Hefur það skilyrði verið sett af hálfu viðkomandi veitingahúss, er þið hafið óskað eftir að fá það leigt, að þið legðið fram vínveitingaleyfi?

Svörin urðu þessi:

I. Knattspyrnufélag Reykjavíkur (Gunnar Sigurðsson, form. frjálsíþróttadeildar fé.):

1. Nei.
2. Þetta er aldrei sett fram í kröfuformi. Hins vegar er farið undan í flæmingi. Þó minnst ég eitt sinn, er K.R. ætlaði að hafa innanfélagsskemmtun í Sjálfstæðishúsinu, að við fengum húsið ekki nema leggja fram vínveitingaleyfi. Gerðum við það af nauðsyn, en skoruðum í þess stað á félagsmenn að neyta ekki áfengis á skemmtuninni.

II. Glímufélagið Ármann (Jens Guðbjörnsson, formaður):

1. Glímufélagið Ármann og Samband ungra Framsóknarmanna hafa samkomusal Mjólkurstöðvarinnar á leigu gegn háu mánaðargjaldi (10.000.-kr.) Þessi félög í sameiningu taka allan ágóða, sem til fellur, en greiða hins vegar öll gjöld.
2. Það er ekki skilyrði, að vínveitingaleyfi liggi fyrir, þegar nefnd félög framleigja samkomusalinn.



# LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík,

- 2 -

- III. Ípróttafélag Reykjavíkur (Axel Konráðsson, formaður):
1. Nei.
  2. Yfirleitt hafa veitingahúsin gert okkur skiljanlegt, að við yrðum að hafa vínveitingaleyfi.
- IV. Landsamband blandaðra kóra (Malmqvist E.B.):
1. Nei.
  2. Nei. Hins vegar hefur verið gert ráð fyrir, að vínveitingaleyfi væri fyrir hendi.
- V. Bláa stjarnan (Alfred Andrésson):
1. Nei.
  2. Nei.
- VI. Orator, félag laganema í Háskólanum (Örn Clausen, form.):
1. Nei.
  2. Hins vegar má skoða það sem þegjandi samkomulag, að vínveitingaleyfi liggi fyrir, enda þýddi ekki að bjóða fólki upp á dansleiki án vínveitinga á þessum tíma.

*Tróbjörn Þórðarson*  
fr.

Ár 1951., miðvikudaginn 7. febrúar, mætti á lögreglustöðinni fyrir undirrituðum fulltrúa lögreglustjóra Luðvík Hjálmtýrsson, framkvæmdarstjóri Sjálfstæðishússins.


Mættur tekur fram, að þess hafi aldrei verið krafist af hálfu Sjálfstæðishússins, að félag er þar héldu skemmtanir legðu fram vínveitingaleyfi. Mættur minnst þess, að um áramótin 1946-1947, var það beinlínis samþykkt í hússtjórn Sjálfstæðishússins, að þetta skilyrði yrði aldrei sett og þau fyrir-mæli hafi verið algjörlega haldin.

Upplesið, játað rétt.

Mætti þá einnig Erlendur Pétursson, forstjóri, og voru hann og Luðvík samprófaðir. Ber þeim saman um, að það hafi aldrei verið sett sem skilyrði fyrir leigu á Sjálfstæðishúsinu, að vínveitingaleyfi væri fyrir hendi, og hljóti að vera um miskilning að ræða hjá Gunnari Sigurðssyni, er hann telur, að slík krafa hafi komið fram af hálfu Sjálfstæðishússins í sambandi við innanfélagsskemmtun K.R. 1948.

Upplesið, játað rétt.

*Gunnar Þorsteinsson*



LÖGREGLUSTJÓRINN  
Í REYKJAVÍK




Ár 1951, miðvikudaginn 7. febrúar, mætti á lögreglustöðinni í Reykjavík fyrir undirrituðum fulltrúa lögreglustjóra Gunnar Bergmann Sigurðsson, skrifstofumaður, til heimilis að Fálkagötu 13, hér í bæ, 28. ára að aldri. Áminntur um sannsögli.

Mættur er formaður Frjálsíþróttadeildar Knattspyrnufélags Reykjavíkur.

Mættur segir, að yfirleitt sé þess ekki beinlínis krafist, að félagið hafi vínveitingaleyfi í þeim veitingahúsum, þar sem félagið heldur skemmtanir. Þó staðfestir mættur framburð sinn frá í gær um innanfélagsskemmtun K.R. í Sjálfstæðishúsinu, en segir þó, að aðrir félagar sínir viti þetta og muni betur og nefnir þá Erlend Pétursson, formann félagsins og Svein Björnsson, þar sem hann hafi ekki sjálfur persónulega haft samband við Sjálfstæðishúsið í umrætt skipti.

Upplesið, játað rétt.

*Svein Björnsson*



LÖGREGLUSTJÓRINN  
Í REYKJAVÍK

Ár 1951, miðvikudaginn 7. febrúar, mætti á lögreglustöðinni í Reykjavík Erlendur Pétursson, forstjóri, formaður Knattspyrnufélags Reykjavíkur.

Mættur minnst þess, ekki, að Sjálfstæðishúsið hafi beinlínis krafist vínveitingaleyfis á ársskemmtun K.R. 1948 né endranær. Honum er kynntur framburður Gunnars Sigurðssonar og telur hann, að þar sé nokkuð ofsagt í sambandi við þetta mál og að ekki hafi komið fram bein krafa um vínveitingaleyfi í umrætt skipti.

Mættur tekur fram í þessu sambandi, að oft sé það gefið í skyn af hálfu veitingahúsa, að heppilegra sé að hafa vínveitingaleyfi til að losna við vasapela.

Þpplesið, játað rétt.

*Gunnar Pétursson*





# Hagfræðingur Reykjavíkurbæjar

AUSTURSTRÆTI 10, 4. HÆÐ

SÍMI 4221

Reykjavík, 18. jan. 1951

Samkvæmt símtali við yður í dag, hr. lögreglustjóri, sendi ég yður hér með niðurstöðutölur um vínveitinga-undanþágur veitingahúsa í bænum árin 1949 og 1950. Skýrslurnar eru gerðar eftir frumgögnum frá skrifstofu yðar. - Árið 1949 voru leyfisveitingarnar 783 að tölu, þ. e. a. s. fyrir 783 samkomur haldnar á árinu, en 1096 árið 1950.


Eftirfarandi yfirlit sýnir leyfisveitingarnar eftir helstu flokkum umsækenda.

	1949	1950
Starfsmannafélög og-hópar	102	116
Skipshafnir	22	15
Sýslu- og átthagafélög	57	72
Iðnaðarmannafélög	30	26
Félög Háskólastúdenta	84	77
Nemendasambönd o. þ. h.	23	17
Stjórnmalafélög	62	68
Askulýðsfélög stjórnmalaflokka	55	131
Íþróttafélög	51	193
Félög hljóðfæraleik., matsv., og þjóna	39	54
Bláa stjarnan	91	60
Vetrarklúbburinn	15	80
Ýmsir	152	187
	<hr/>	<hr/>
Samtals	783	1096

Leyfisveitingarnar skiptast þannig eftir mánuðum:

	1949	1950		1949	1950
Janúar	68	82	Júlí	38	62
Febr.	84	99	Ágúst	48	78
Marz	95	121	Sept.	58	87
April	53	86	Okt.	65	90
Mai	60	90	Nov.	83	105
Júní	47	80	Des.	84	116

Virðingarfyllst,



Til lögreglustjórans  
í Reykjavík.